

**Fundargerð 13. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 24. október 2014, kl. 9:00 í Eldey, Ásbrú í Reykjanesbæ.**

Mætt eru: Róbert Ragnarsson, Berglind Kristinsdóttir, Gísli Heiðarsson, Guðjón Þ. Kristjánsson, Johan D Jónsson, Magnea Guðmundsdóttir, Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri) og Þuríður Halldóra Aradóttir (Markaðsstofa Reykjanes)

**1. Stjórn skiptir með sér verkum**

Róbert Ragnarsson kosinn formaður stjórnar, Johan D Jónsson ritari og Berglind Kristinsdóttir gjaldkeri.

**2. Staða fjármála**

Verkefnastjóri fór yfir stöðu fjármála jarðvangsins frá 1. janúar 2014 – 8. október 2014.

**3. Starfs- og fjárhagsáætlun 2015**

Rætt um starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2015. Ákvörðun stjórnar sem tekin var með tölvupósti um umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða staðfest. Um er að ræða þrjár umsóknir sem snúa að deiliskipulagi og hönnun við Brimketil, fjölgun áningastaða í jarðvangnum og merkingu gönguleiðar að Keili.

**4. Framkvæmdir við áningarstaði**

Verkefnastjóri sagði frá stöðu framkvæmda við áningarstaði.

**5. Leigumál á Reykjanesi**

Formanni falið að vinna málið áfram.

**6. Stofnun fagráða**

Rætt um stofnun fagráða Reykjanes jarðvangs en samkvæmt stefnumótun til 2019 er gert ráð fyrir tveimur starfandi ráðum, annars vegar um markaðssetningu og hins vegar um fræðslu- og rannsóknir. Verkefnastjóra falið að leggja fram tillögu að verkefnum, skipulagi og skipan fagráðanna á næsta fundi stjórnar.

**7. Kortaleikur Reykjanes Geopark**

Verkefnastjóri sagði frá Kortaleik Reykjanes jarðvangs sem fram fór á Facebook sumarið sem leið.

**8. Styrkumsókn frá Vitaverðinum ehf.**

Lögð fram umsókn frá Vitaverðinum ehf um styrk til framkvæmda á Reykjanesi. Stjórn er jákvæð fyrir því að styðja við verkefnið. Verkefnastjóra falið að vinna áfram í málinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:40.

Fundargerð ritaði: ESJ